

Grétar Skúli Gunnarsson
Hamarstíg 25,
600 Akureyri.

Sent með ábyrgðarpósti

Einnig sent með tölvupósti á netfangið
gsg881@gmail.com

Reykjavík, 15. ágúst 2024

Efni: Úrskurður stjórnar Kraftlyftingasambands Íslands

Á fundi stjórnar Kraftlyftingasambands Íslands, sem haldinn var í dag, 15. ágúst 2024, var kveðinn upp eftirfarandi úrskurður í samræmi við 31. gr. laga sambandsins. Rétt er að taka fram að stjórnarmennirnir Laufey Agnarsdóttir, María Guðsteinsdóttir og Þórunn Brynja Jónasdóttir tóku ekki þátt í meðferð málsins.

1. Málavextir

Sunnudaginn 22. október 2023 var haldið bikarmót Kraftlyftingasambands Íslands (hér eftir KRAFT) í kraftlyftingum og klassískum kraftlyftingum í Íþróttahúsinu að Varmá í Mosfellsbæ. Í kjölfar mótsins barst stjórn KRAFT fjölmargar kvartanir og ábendingar vegna framkomu og hegðunar þinnar í mótinu, þar á meðan skýrsla frá dómurum mótsins. Í mótinu varst þú þjálfari/aðstoðarmaður keppenda á vegum Kraftlyftingafélags Akureyrar (hér eftir KFA) en keppendurnir voru þau Þorbergur Guðmundsson og Sara Viktoría Bjarnadóttir.

Nánar tiltekið er um fimm eftirfarandi tilvik að ræða.

1. Háttsemi gagnvart Sóleyju Margréti Jónsdóttur

Vitnið Sóley Margrét Jónsdóttir, sem var aðstoðarmaður keppenda á vegum Breiðabliks í mótinu, lýsti því þannig að þú hafir veitt henni högg með olnboga í brjóstakassa hennar þegar þið tvö mættust í dyragætt að áhorfendasal. Var Sóley á leið út úr salnum en þú á leið inn í salinn. Sóley lýsti því þannig að þú hafir lyft upp vinstri hönd, sett hnefana saman, og stigið í átt að henni þannig að olnbogi vinstri handar hafnaði af nokkru afli á brjóstakassa hennar, enda var líkamspunga beitt til þess að þyngja höggið. Lýsti Sóley því þannig að höggið hafir þú veitt henni nokkurs fyrirvara og án nokkurs tilefnis en engin orðaskipti voru á milli ykkar áður en höggið var veitt. Í kjölfarið hafir þú haldið ferð þinni áfram inn í áhorfendasalinn og ekki sýnt nein viðbrögð þegar Sóley kallaði á eftir þér í kjölfar höggsins. Sóley mun hafa sagt dómáranum Þórunni Brynju Jónasdóttur frá atvikinu skömmu síðar og beðið liðsfélaga sína um að vera nálægt, sér til halds og trausts.

Fyrir liggur frásögn vitnisins Egils Hrafns Benediktssonar af atvikinu. Lýsti hann því svo að hann hafi gengið um tveimur metrum á eftir Sóleyju þegar hann sá þig kom á móti henni. Hann segir þig hafa starað á Sóleyju með illilegum svip. Egill staðfestir frásögn Sóleyjar af atvikinu og sagði hann þetta hafa verið mjög áberandi. Lýsti hann því svo að þú hafir verið laumulegur en svo tekið áberandi skref í átt

AG

AG

að Sóleyju og sett allan líkamspungann í höggið og keyrt olnbogann í bringuna á Sóleyju. Síðan hafir þú gengið áfram eins og ekkert hefði í skorist, þrátt fyrir að Sóley hafi kallað á eftir þér. Egill sagði engan aðdraganda hafa verið að atvikinu, annan en illilegan svip þinn. Hann sagði Sóleyju hafa greinilega verið mjög brugðið við atvikið.

Fyrir liggur frásögn vitnisins Einars Rafns Magnússonar, sem stóð inni í áhorfendasal við sölubás sem var fyrir innan innganginn í salinn. Lýsti hann því svo að honum hafi virst Sóley staðnæmast í dyragættinni og beðið eftir því að þú færir í gegn. Í stað þess að ganga fram hjá Sóleyju hafir þú gengið á hana þannig að þið skulluð saman. Einar Rafn kvaðst ekki hafa séð hvort þú hafir lyft upp höndum og sá hann engin frekari viðbrögð frá þér. Hins vegar hafi verið augljóst að Sóleyju hafi verið mjög brugðið og að hún hafi kallað á eftir þér, án þess að fá viðbrögð.

Fyrir liggur frásögn vitnisins Gabríels Ómars Hafsteinssonar sem var staddur inni í áhorfendasal, um fjórum eða fimm metrum fyrir innan innganginn. Hann lýsti því þannig að hann hafi séð þig koma inn í salinn í gegnum dyragættina þar sem þú gekkst fram hjá Sóleyju. Lýsti hann því þannig að Sóley hafi kippst við og verið mjög brugðið. Hann sagði Sóleyju hafa kallað á eftir þér og svo hafi hann séð Sóleyju bresta í grát og hafi þá liðsfélagar hennar komið til hennar.

Fyrir liggur að Sóley leitaði til læknis í kjölfarið atviksins og liggur fyrir í málinu áverkavottorð vegna þessa þar sem áverkar á brjóstakassa eru staðfestir. Í vottorði kemur fram að áverki hafi verið á miðri bringu Sóleyjar við þriðja rifbein. Um var að ræða 2x1 sm roðblett og umhverfis hann hafi verið marblettur, 4x4 sm að stærð. Mun Sóley hafa kært atvikið til lögreglu.

2. Háttsemi gagnvart Hjálmari Andréssyni

Vitnið Hjálmar Andrésón, þjálfari Sóleyjar Margrétar Jónsdóttur og aðstoðamaður keppenda á vegum Breiðabliks á mótinu, lýsti því þannig að þú hafir veitt honum högg með öxl í brjóstakassa hans þar sem Hjálmar stóð við dyragætt að upphitunarsvæði og var að ræða við Sóleyju. Lýsti hann því þannig að þú hafir komið gangandi eftir gangi að dyragættinni og þegar Hjálmar vék sér líttillega undan til þess að hleypa þér fram hjá, þá hafir þú látið öxlina síga og gengið beint framan á Hjálmar þannig að öxlin lenti harkalega í brjóstakassa hans. Lýsti hann hegðun þinni sem algjörlega tilefnislausri en engin samskipti höfðu átt sér stað á milli ykkar í aðdragandanum. Í kjölfarið hafir þú haldið áfram göngunni inn á upphitunarsvæði án þess að líta við eða segja nokkuð.

Fyrir liggur frásögn vitnisins Egils Hrafns Benediktssonar sem staddur var á upphitunarsvæði. Lýsti Egill Hrafn því þannig að Hjálmar hafi stigið til hliðar en þá hafir þú keyrt öxlina í axlar- eða bringusvæði Hjálmars. Hann lýsti því þannig að honum hafi virst þú gera þetta af ásetningi. Þar sem Hjálmar sé töluvert lágvaxnari heldur en þú, þá hafi verið augljóst að þú hafir beygt þig niður eða látið öxlina síga til þess að koma höggi á hann. Egill Hrafn lýsti því þannig að enginn aðdragandi hafi verið að atvikinu og hafi hann ekki orðið vitni að samskiptum á milli ykkar í aðdraganda atviksins.

Fyrir liggur frásögn vitnisins Einars Rafns Magnússonar þar sem vitnið lýsti því þannig að þú hafir „axlað“ Hjálmar með því að reka öxlina í hann þegar þið mættust. Einar Rafn lýsti því þannig að honum hafi virst Hjálmar ætla að víkja sér undan þegar þið mættust en þú hafir gengið beint á hann. Lýsti hann því

þannig að þú hafir engin viðbrögð sýnt í kjölfarið. Sagði hann atvikið hafa átt sér stað um það bil 15-20 mínútum á eftir atvikinu með Sóleyju, sem lýst er hér að framan.

3. Ógnandi hegðun gagnvart öðrum keppanda

Vitni lýstu atvikum þannig að keppendur hafi verið við upphitun á upphitunarsvæði. Svæðið sé lítið og þröngt miðað við þann fjölda keppenda sem sótti mótið í umrætt sinn í karlaflokki og voru svokallaðir upphitunarrekkar fáir. Keppendur í fyrra holti byrjuðu að hita upp og notuðu þeir m.a. rekka sem keppandi á vegum KFA hafði notað fyrr um daginn. Lýstu vitnin því þannig að þú hafir setið á stól skammt frá rekknum þegar keppendum, sem voru að nota rekkann, fór fjölgandi. Þá hafir þú gert munnlegar athugasemdir við viðstadda keppendur og sagt þeim að hleypa ekki of mörgum að í rekkann. Þegar næsti keppandi mætti þá hafir þú rokið upp úr stólnum og alveg upp að einum keppandanum, þar sem þú krepptir hnefann framan í viðkomandi og settir brjóstkassann út á meðan þú sagðir hárrí röddu að keppandi á vegum KFA, Þorbergur Guðmundsson, væri væntanlegur og að þið tveir mynduð henda öðrum keppendum burt til þess að búa til pláss. Þegar einn keppandinn gerði athugasemdir við þetta hafir þú sagt við hann „hvað ætlar þú að gera í því?“ Töldu vitni að með þessu hafir þú sýnt af þér ógnandi hegðun og óttuðust þau að þú myndir ráðast á keppandann. Vegna þessarar hegðunar þá færðu keppendurnir sig í burtu frá rekknum.

Fyrir liggja frásagnir vitnanna Kristínar Þórhallsdóttur, Gabriels Ómars Hafsteinssonar, Tinnu Rutar Traustadóttur, Finns Freys Eiríkssonar og Friðbjörns Braga Hlynssonar, sem öll lýsa atvikum með þeim hætti sem að framan er lýst.

4. Óviðeigandi ummæli í áheyrn keppenda og þjálfara



Vitni lýstu því svo að þegar keppni í kvennaflokki stóð yfir, nánar tiltekið í hnébeygju, hafir þú verið staddur ásamt öðrum liðsmönnum KFA skammt frá þeim stað þar sem farið er af upphitunarsvæði og yfir á keppnisvall. Í frásögn vitnisins Kristjönu Maríu Steingrímisdóttur kemur fram að þegar hún var á upphitunarsvæði hafi hún heyrt þig segja að það væri vond lykt af ól sem þú notaði við að vefja keppanda þinn þar sem hann væri alltaf að vefja henni um typpið á sér. Þetta hafir þú sagt hátt og skýrt við aðra liðsmenn KFA sem voru á upphitunarsvæðinu.

Frásögn vitnanna Kristínar Þórhallsdóttur og Ragnars Hansen var á sama veg og bætti Ragnar því við að umræddum keppanda hefði augljóslega ekki þótt þessi ummæli þín fyndin.

5. Óviðeigandi ummæli í garð dómara mótsins

Samkvæmt frásögn vitna léstu tiltekin ummæli falla um og við dómara mótsins einkum eftir að í ljós kom að svokallaðar metaskífur vantaði á keppnisstaðinn í kjölfar þess að keppandi frá KFA ætlaði að gera tilraun til þess að setja Íslandsmet í réttstöðulyftu, í sinni síðustu tilraun. Af þessum sökum tafðist keppni í fyrsta holti í um 50 mínútur og keppni í næsta holti tafðist um 30 mínútur.

Í frásögn vitnisins Egils Hrafn Benediktssonar kom fram að hann hafi heyrt þig segja hátt á upphitunarsvæði að þetta væri vanvirðing af hálfu KRAFT gagnvart keppanda og KFA og þetta hafi verið gert viljandi.

 AG 3 

Í frásögn vitnisins Kristínar Þórhallsdóttur kom fram að þú hafir talað hátt og reiðilega í áhorfendasal, þannig að áhorfendur heyrðu, að atvikið væri viljandi gert af hálfu KRAFT. Hafir þú með orðum þínum beint reiði þinni að þeim þremur dómurum sem dæmdu í umræddu holti, sem eru allar konur og stjórnarmenn í KRAFT. Nefndir þú að þær hafi gert þetta viljandi til að skemma fyrir KFA. Einnig hafir þú sagt að það væri fáránlegt að setja konur í þetta hlutverk því þær geti ekki ráðið við svona verkefni og klúðri öllu. Sagði Kristín að hún hafi upplifað þessi orð þín sem kvenfyrirlitningu.

Í frásögn vitnisins Kristjönu Maríu Steingrímsdóttur kom fram að hún hafi verið á upphitunarsvæði þegar hún sá þig „hella þér yfir“ Þórunni Brynju Jónasdóttur dómara og hafir þú sagt að þetta væri samsæri gegn KFA og að stjórn KRAFT væri að gera þetta viljandi.



Í frásögn vitnisins Láru Bogeyjar Finnbogadóttur kom fram að þú hafir, almennt á meðan keppni í kvennaholti stóð, virst hafa þig allan fram í að vera ógnandi í fasi. Þú hafir jafnan hækkað róminn þegar þú talaði við einhvern og hafir verið með yfirlýsingar þess efnis að hinir og þessir væru aumingjar, m.a. þeir sem stunda klassískar kraftlyftingar. Einnig hafir þú viðhaft ummæli á þá leið að ekki ætti að hleypa hvaða rottum og aumingjum sem er í þessa íþrótt. Lýsti Lára því þannig að keppendum sem voru með henni á upphitunarsvæðinu hafi verið hætt að standa á sama vegna þessarar framkomu þinnar. Þegar atvikið með metaskífurnar kom upp lýsti Lára því að þú hafir verið ógnandi í fasi og hafir ásakað stjórn KRAFT um að gera þetta af ásettu ráði gagnvart KFA og keppendum þeirra. Hafir þú talað með niðrandi hætti um þá sem komu að dómgæslu á mótinu og hafir þú og keppandinn Þorbergur Guðmundsson haft uppi ýmsar samsæriskenningar vegna atviksins og almennt sýnt mikla óvild gagnvart þeim sem stóðu að mótinu.

Í frásögn vitnisins Friðbjarnar Braga Hlynssonar kom fram að liðsmenn KFA hafi sýnt dónaskap eftir að tilvikið með metaskífurnar kom upp. Hafi þeir, þ.m.t. þú, sakað KRAFT um að hafa gert þetta með ráðum til að klekkja á keppanda KFA og haft uppi hótanir um kærur. Hafi liðsmenn KFA staðið í hótunum og leiðindum við dómara og mótshaldara.

Í frásögn vitnisins Þórdísar Ingu Þórarinsdóttur kom fram að hún hafi séð þegar dómari reyndi að útskýra fyrir þér málið með metaskífurnar. Hún lýsti því þannig að hún hafi ekki heyrt nákvæm orðaskipti en lýsti viðbrögðum þínum sem mjög óíþróttamannslegum og óviðeigandi, það hafi m.a. sést á viðbrögðum og líkamstjáningu dómarans. Nokkru síðar hafi Þórdís svo verið í áhorfendasal og heyrt þig segja að þetta hafi klárlega verið gert með vilja af hálfu stjórnar KRAFT.

Í frásögn vitnisins Jens Andra Fylkissonar kom fram að þjálfarar og keppendur KFA hefðu sýnt af sér ógnandi hegðun gagnvart starfsmönnum og dómurum mótsins.

Í skýrslu dómara Laufeyjar Agnarsdóttur, Maríu Guðsteinsdóttur og Þórunnar Brynju Jónasdóttur kom fram að þær hafi dæmt umrætt holl þegar atvikið með metaskífurnar kom upp. Kom fram í skýrslu þeirra að þú hafir sagt við einn dómara beinum orðum að þetta væri allt með vilja gert, bæði af hálfu dómara og stjórnar KRAFT, þ.e. að eyðileggja fyrir keppanda KFA.

 4 

Þá var einnig haft eftir vitnum að þú hafir, eftir að fyrsta tilraun keppenda KFA í hollinu var dæmd ógild, öskrað baksviðs að dómamarar mótsins væru djöfulsins rottur.

Þess má geta að mótið var tekið upp á myndband og við skoðun á myndbandsupptöku má heyra þig láta eftirfarandi ummæli falla:

2:15:30 – Þú segir þar sem þú, Þorbergur og Sara Viktoría standið þar sem gengið er inn á keppnisvall af upphitunarsvæði: „Þetta er ekki fyrsta mótið sem KRAFT er búið að eyðileggja fyrir okkur, þetta er orðið vani, það á setja þetta í bann, ég vil ekki sjá þessa dómara aftur á næsta ... (óskýrt)“. Þorbergur virðist taka undir með því að segja „ (óskýrt) á Vestfirðingum alla tíð“. Þú viðhefur þá ummæli sem ekki er hægt að greina og svo virðist þið báðir hlægja hátt.


2:26:30 - Þorbergur heyrir segja eitthvað á þá leið, og virðist vera að vísa til dómara, að þeir verði sektaðir fyrir að eyðileggja mótið. Á þeim tíma standið þið báðir fyrir framan ritaborðið. Þú tekur undir og segir að allir dómarnir verði settir í keppnisbann og Þorbergur tekur undir með því að segja „er það ekki?“. Þorbergur segir að það verði jafnt yfir alla að ganga og þú segir að það sé geggjað að þær (dómarnir) séu allar í stjórn.

2:29:40 – Þú, Þorbergur og Sara Viktoría standið á keppnisvallinum og þú segir „þetta er bara viljandi, ég er alveg sannfærður um það“.

2:30:10 – Þú og Þorbergur standið á keppnisvallinum þegar þú segir „það gæti líka verið að þau hafa falið þær, það er ekkert ólíklegt miðað hvernig þetta fólk hefur hagað sér í gegnum árin“. Þorbergur virðist taka undir þetta og segir „líka miðað við hvernig þau eru að haga sér núna, þau eru ekkert að biðjast afsökunar“.

Með kæru KRAFT, dags. 10. janúar 2024 (ranglega dagsett 2023), til Dómstóls Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands var framangreind háttsemi þín kærð til dómstólsins. Undir rekstri dómsmálsins skilaðir þú inn greinargerð, dags. 12. febrúar sl., þar sem þú komst á framfæri athugasemdum þínum og sjónarmiðum varðandi kærana. Með úrskurði dómstólsins, sem upp var kveðinn þann 29. febrúar sl., var kæru KRAFT vísað frá Dómstóli ÍSÍ á þeim forsendum að kæra KRAFT hafi borist dómstólnum eftir að sjö daga frestur skv. grein 24.2 í lögum ÍSÍ var liðinn. Þá var vikið í því í úrskurðinum að kæra KRAFT hafi, a.m.k. að hluta til, varðað ávirðingar um líkarmsárásir en slík mál taldi dómstóllinn eiga heima hjá lögreglu og almennum dómstólum.

Í 31. gr. laga KRAFT segir að Dómstólar ÍSÍ fari með mál sem upp kunna að koma innan kraftlyftingarhreyfingarinnar. Þó geti stjórn KRAFT úrskurðað í málum er varða reglugerð KRAFT um kraftlyftingakeppni og keppnisreglur IPF í kraftlyftingum. Skuli þá farið eftir reglum KRAFT og IPF, eftir því sem við á. Slíkum úrskurði geti aðilar þó vísað til Dómstóls ÍSÍ.

 5
AG

Með tölvupósti stjórnar KRAFT til þín, dags. 16. apríl sl., var þér tjáð að þar sem efnisleg niðurstaða hafi ekki fengist í málinu hjá Dómstóli ÍSÍ þá hafi stjórn KRAFT ákveðið að taka málið til umfjöllunar á fundi sínum á grundvelli 31. gr. laga KRAFT, sbr. 40. gr. laga ÍSÍ. Vísað var til þess að í frávísunarúrskurði Dómstóls ÍSÍ hafi helstu sjónarmið málsaðila verið reifuð en stjórn KRAFT taldi þó rétt að gefa þér kost á að koma á framfæri frekari sjónarmiðum vegna málsins. Með tölvupósti þínum til stjórnar KRAFT, dags. 22. apríl sl., sendir þú greinargerð þína frá 12. febrúar sl., sem skilað hafði verið til Dómstóls ÍSÍ, auk sérstaks viðauka þar sem viðbótar athugasemdir þínar komu fram, dags. 22. apríl sl.

2. Sjónarmið þín

Í greinargerð þinni og viðauka við hana mótmæltir þú framangreindri lýsingu málsatvika og hafnaðir því að með háttsemi þinni hafir þú gerst brotlegur við reglur KRAFT. Af þeim sökum krafðist þú þess að vera sýknaður af öllum þeim sökum sem bornar hefðu verið á þig.

Þá gerðir þú athugasemdir við framsetningu málsins og bentir á að þú gætir með engu móti séð fyrir hvað verið sé að kæra þig og á hvaða lagagrundvelli það sé gert. Bentir þú á að lýsingar á gögnum séu í belg og biðu og mjög erfitt sé að ráða fram úr þeim. Málið sé í raun ótækt til frekari umfjöllunar.

Varðandi fyrstu tvö tilvikin lýstir þú því svo að um óviljaverk hafi verið að ræða sem skýrist líklegast af því að þú hafir rekist utan í þau Sóleyju og Hjálmar. Í háttseminni hafi ekki verið nokkur ásetningur. Þá bentir þú á að í myndbandsupptöku frá lokum mótsins megi sjá að Sóleyju hafi ekki staðið nokkur ógn af þér, nema síður sé. Augljóst sé af myndbandinu að þú hafir reynt að halda þig fjarri Sóleyju en ekki öfugt. Allt sem sagt hefur verið um fyrsta atvikið sé því hreinn tilbúningur og staðfesti myndbandið það.

Hvað varðar þriðja tilvikið þá hafnar þú því alfarið að hafa sýnt af þér ógnandi háttsemi eða verið með niðrandi ummæli. Bentir þú á að þú hefðir nefnt við Hilmar Símonarson að hann mætti hita upp með ykkur í rekknum. Hins vegar hafir þú bent honum á að ekki mætti troða of mörgum keppendum fyrir og virtist hann skilja það. Svo hafi fleiri keppendur bæst við og þá hafir þú sagt við Hilmar að þér hafi verið alvara þegar þú bentir honum á að ekki mætti troða of mörgum keppendum á rekkann. Þá hafi Hilmar brugðist við með þeim hætti að hann hreytti í þig orðunum „hvað ætlar þú að gera í því?“. Hafir þú þá staðið upp og sagt við hann í ákveðnum tón að þá þyrftuð þið að fjarlægja keppendurna úr rekknum. Ekki hafi orðið meira úr atvikinu og keppendurnir hafi fært sig annað.

Bendir þú á að þú hafir um árabil séð um skipulagðar æfingar fyrir byrjendur, börn, unglínga, fatlaða og fullorða og hafi fleiri hundruð manns lært lyftingar undir þinni handleiðslu. Ekkert sé því meira fjarri afstöðu þinni til nýliða heldur en sú framsetning sem lýst er hér að framan.

Hvað fjórða tilvikið varðar þá hafnaðir þú því sem tilhæfulausu og bentir á að það sé hreinn uppspuni. Bentir þú á að Sara og bræðurnir Þorbergur og Aðalsteinn geti staðfest það.

Hvað fimmta tilvikið varðar hafnaðir þú því að rétt sé haft eftir þér varðandi ummæli um dómara, þ.e. að þú hafir kallað dómara „djöfulsins rottur“. Ef upptaka af mótinu er skoðuð, þ.e. viðbrögðin eftir fyrstu beygjuna á mótinu, þá sést og heyrst að ásökunin er ósönn. Hvað varðar meintar óspektir vegna

AG
SEP

klúðurs dómara um að tryggja ekki nægjanlegan fjölda metaskífa, og að það hafi viljandi eða af ásetningi gert, þá bentir þú á að það sé skýrt í keppnisreglum að fyrsta verk dómara fyrir vigtun keppenda sé að tryggja að metaskífur og keppnisvöllur séu tilbúin fyrir mótið. Bentir þú á að þú hafir sjálfur verið með landsdómararéttindi frá árinu 2008 og hafir starfað á yfir 200 mótum síðan þá.

Að öðru leyti hafnaðir þú því að hafa viðhaft óviðurkvæmilegt orðalag gagnvart keppendum eða starfsfólki mótsins.

3. Niðurstaða


Í 31. gr. mótareglna KRAFT, sem samþykktar voru af stjórn sambandsins og voru því í gildi í umræddu móti, segir að með mál vegna brota á mótareglunum skuli farið eins og lög og reglugerðir KRAFT kveða á um.

Í 31. gr. laga KRAFT segir að Dómstólar ÍSí fari með mál sem upp kunna að koma innan kraftlyftingarhreyfingarinnar. Þó geti stjórn KRAFT úrskurðað í málum er varða reglugerð KRAFT um kraftlyftingakeppni og keppnisreglur IPF í kraftlyftingum. Skuli þá farið eftir reglum KRAFT og IPF, eftir því sem við á. Slíkum úrskurði geti aðilar þó vísað til Dómstóls ÍSí.

Í 40. gr. laga ÍSí segir að framkvæmdastjórn ÍSí í þeim greinum, sem ÍSí er sérsamband fyrir, og stjórnir sérsambanda, í sínum greinum, geti kveðið upp óhlutgengisúrskurði yfir íþróttamönnum, sem brotlegir eru, en skylt er að skjóta slíkum úrskurðum til Dómstóls ÍSí sem ber þegar að taka slík mál fyrir. Ákvæði 40. gr. laga ÍSí gengur þannig lengra heldur en framangreint ákvæði 31. gr. laga KRAFT, þar sem fyrrgreinda reglan kveður á um skyldu, í stað heimildar, til þess að vísa óhlutgengisúrskurðum stjórnar sérsambands til Dómstóls ÍSí.

Í 5. gr. mótareglna KRAFT má finna reglur um hegðun keppenda, forystumanna og annarra fulltrúa félaga. Þar segir að ávallt skuli sýna drengskap og forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á íþróttinni, koma skuli fram af hollustu, heiðarleika og sönnum íþróttanda. Segir jafnframt að þeir sem taka þátt í starfi kraftlyftingahreyfingarinnar skulu leitast við að gera ekkert það sem rýrt getur orðstýr íþróttarinnar. Sérhvert félag er ábyrgt fyrir framkomu keppenda sinna og allra þeirra sem hafa hlutverk á vegum þess í tengslum við mótahald og keppni.

Í viðbragðsáætlun íþrótt- og æskulýðsfélaga, nánar tiltekið 5. kafla, er m.a. fjallað um ofbeldi og er skilgreiningin á líkamlegu ofbeldi sú þegar líkamlegu afli er beitt gegn öðrum einstaklingi, hvort sem líkamlegur skaði hlýst af eða ekki. Andlegt ofbeldi er skilgreint sem m.a. samskipti sem einkennast af niðurlægingu, markvissu niðurbroti einstaklings, ómanneskjulegri framkomu, ofsóknum, öskri, hótunum, ógnum eða langvarandi þögn. Andlegt ofbeldi er sagt notað til að stjórna öðrum eða ná völdum yfir þeim. Í hegðunarviðmiðum ÍSí fyrir þjálfara segir í 6. kafla að ofbeldi sé ekki liðið innan íþróttahreyfingarinnar. Einnig segir í 1. kafla að koma skuli fram af virðingu, m.a. gagnvart mótherjum, þjálfurum, dómurum og öðru starfsfólki. Í lið 6. B. segir að þjálfarar skuli ekki misnota stöðu sína og vald með kynferðislegum tilburðum eða með öðrum hætti.


AG
H. J.

Er mál þetta því tekið til úrskurðar stjórnar KRAFT á grundvelli framangreindra ákvæða. Með vísan til alls framangreinds verður nú tekin afstaða til þeirrar háttsemi þinnar sem lýst hefur verið hér að framan.

1. Háttsemi gagnvart Sóleyju Margréti Jónsdóttur

Það er mat stjórnar KRAFT að frásögn Sóleyjar Margrétar um atvikið sé trúverðug, auk þess sem frásögn hennar er rækilega studd frásögnum vitna sem ýmist sáu skýrlega alla atburðarásina í umrætt sinn eða hluta hennar. Einnig er frásögnin studd lýsingu læknis á áverkum á bringu Sóleyjar Margrétar. Þrátt fyrir neitun þína hefur, að mati stjórnar KRAFT, verið nægjanlega leitt í ljós að atvik hafi verið með þeim hætti sem lýst hefur verið. Við mat á því hvort um óíþróttamannslega hegðun er að ræða er m.a. litið til viðmiða sem sett eru fram í viðbragðsáætlun íþrótta- og æskulýðsfélaga og hegðunarviðmiða ÍSÍ fyrir þjálfara sem nefnd eru hér að framan. Er það niðurstaða stjórnar KRAFT að með háttsemi þinni hafir þú sýnt af þér mjög alvarlega og óíþróttamannslega framkomu og hafi hegðun þín farið gegn 5. gr. mótareglna KRAFT og a-lið 4. töluliðs greinar 37.1 í lögum ÍSÍ.

2. Háttsemi gagnvart Hjálmari Andréssyni

Frásögn Hjálmars og tveggja vitna um atvikið er á einn veg og er hún afar skýr að mati stjórnar KRAFT. Þrátt fyrir neitun þína hefur, að mati stjórnar KRAFT, verið nægjanlega leitt í ljós að atvik hafi verið með þeim hætti sem lýst hefur verið. Við mat á því hvort um óíþróttamannslega hegðun er að ræða er m.a. litið til viðmiða sem sett eru fram í viðbragðsáætlun íþrótta- og æskulýðsfélaga og hegðunarviðmiða ÍSÍ fyrir þjálfara sem nefnd eru hér að framan. Er það niðurstaða stjórnar KRAFT að með háttsemi þinni hafir þú sýnt af þér mjög alvarlega og óíþróttamannslega framkomu og hafi hegðun þín farið gegn 5. gr. mótareglna KRAFT og a-lið 4. töluliðs greinar 37.1 í lögum ÍSÍ.

3. Ógnandi hegðun gagnvart öðrum keppanda

Um tilvik þetta liggja fyrir margir vitnisburðir sem allir eru á sama veg. Að mati stjórnar KRAFT er engin ástæða til annars en að leggja framburð vitna til grundvallar, þrátt fyrir neitun þína. Er það því niðurstaða stjórnar KRAFT að þú hafir sýnt af sér ógnandi hegðun í garð keppanda á mótinu eins og fram kemur í lýsingu á atvikinu. Við mat á því hvort um óíþróttamannslega hegðun er að ræða er m.a. litið til viðmiða sem sett eru fram í viðbragðsáætlun íþrótta- og æskulýðsfélaga og hegðunarviðmiða ÍSÍ fyrir þjálfara sem nefnd eru hér að framan. Er það niðurstaða stjórnar KRAFT að með háttsemi þinni hafir þú sýnt af þér óíþróttamannslega framkomu og hafi hegðun þín farið gegn 5. gr. mótareglna KRAFT og a-lið 4. töluliðs greinar 37.1 í lögum ÍSÍ.

4. Óviðeigandi ummæli í áheyrn keppenda og þjálfara

Að mati stjórnar KRAFT eru frásagnir vitnanna skýrar og allar á sama veg um þau ummæli sem þú ert sagður hafa viðhaft í áheyrn viðstaddra á upphitunarsvæði eins og er lýst er hér að framan. Að mati stjórnar KRAFT er engin ástæða til annars en að leggja framburð vitna til grundvallar, þrátt fyrir neitun þína. Við mat á því hvort um óíþróttamannslega hegðun er að ræða er m.a. litið til viðmiða sem sett eru fram í viðbragðsáætlun íþrótta- og æskulýðsfélaga og hegðunarviðmiða ÍSÍ fyrir þjálfara sem nefnd eru hér að framan. Er það niðurstaða stjórnar KRAFT að með háttsemi þinni hafir þú sýnt af þér óíþróttamannslega framkomu og hafi hegðun þín farið gegn 5. gr. mótareglna KRAFT og a-lið 4. töluliðs greinar 37.1 í lögum ÍSÍ.

 AG 8



5. Óviðeigandi ummæli í garð dómara mótsins

Fyrir liggja í málinu frásagnir fjölmargra vitna, sem allar eru á sama veg. Þá liggja einnig fyrir myndbandsupptökur af mótsstað. Með hliðsjón af frásögn vitna og upptöku af mótinu er það niðurstaða stjórnar KRAFT að þú hafir látið falla ummæli gagnvart dómurum mótsins sem teljast bæði alvarleg og einstaklega óviðeigandi. Geta ummælin ekki verið til annars fallin en að gera lítið úr störfum dómara og grafa þannig undan heilindum þeirra við störf sín og verða ummælin aldrei réttlætt með vísan til meints vanbúnaðar á keppnisstað og teljast ummælin, hvernig sem á málið er lítið, langt úr hófi. Við mat á því hvort um óíþróttamannslega hegðun er að ræða er m.a. lítið til viðmiða sem sett eru fram í viðbragðsáætlun íþróttta- og æskulýðsfélaga og hegðunarviðmiða ÍSÍ fyrir þjálfara sem nefnd eru hér að framan. Er það niðurstaða stjórnar KRAFT að með háttsemi þinni hafir þú sýnt af sér mjög alvarlega og óíþróttamannslega framkomu sem varðar við 5. gr. mótareglna KRAFT, d-lið 1. töluliðs, c-lið 2. töluliðs og a-lið 4. töluliðs greinar 37.1 í lögum ÍSÍ.

Með vísan til alls framangreinds er það niðurstaða stjórnar KRAFT að þú hafir sýnt af þér ítrekaða óíþróttamannslega framkomu á umræddu móti, bæði með orðum þínum og ofbeldisfullri hegðun. Framkoma af þessu tagi er til þess fallin að veða að þeim mikilvægu hagsmunum og gildum íþróttahreyfingarinnar að iðkendur, starfsmenn, þjálfarar, áhorfendur og aðrir sem koma að íþróttaiðkun geti gert það án þess að þurfa að óttast um öryggi sitt og velferð. Var hegðun þín langt frá því að geta talist heiðarleg eða í anda íþróttarinnar og var hún þvert á móti til þess fallin að rýra orðstýr íþróttarinnar. Telst hegðun þín varða við framangreind lagaákvæði.


Með vísan til 31. gr. laga KRAFT og í ljósi alls framangreinds er það niðurstaða stjórnar KRAFT að óhjákvæmilegt sé að beita ákvæði 40. gr. laga ÍSÍ og úrskurða þig til óhlutgengis, þ.e. útiloka þig frá þátttöku í æfingum, keppnum og sýningum innan Kraftlyftingasambands Íslands og svipta þig rétti til að gegna trúnaðarstörfum innan kraftlyftingasambandsins, sbr. c-liður greinar 38.2 í lögum ÍSÍ. Skal tímalengd óhlutgengis vera 12 mánuðir frá dagsetningu úrskurðar þessa að telja.

Í samræmi við grein 40.1 í lögum ÍSÍ skal skjóta úrskurðinum til Dómstóls ÍSÍ og er dómstólnum því sent afrit úrskurðarins.

4. **Úrskurðarorð**


Grétar Skúli Gunnarsson er úrskurðaður óhlutgengur í 12 mánuði frá og með dagsetningu þessa úrskurðar að telja. Skal hann því sæta útilokun frá þátttöku í æfingum, keppni og sýningum innan Kraftlyftingasambands Íslands og er sviptur rétti til að gegna trúnaðarstörfum innan kraftlyftingasambandsins.

AG 9



Reykjavík 15. ágúst 2024
f.h. stjórnar Kraftlyftingasambands Íslands


Aron Ingi Gautason


Hinrik Pálsson


Auðunn Jónsson


Kristleifur Andrésson